



2. útgáfa 20.10.2016

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB 1907/2006)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:
Vörunúmer:

Saltpéturssýra 68% 35kg (Rebain)
1359 6922090

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Saltpéturssýrulausn (65<70%)
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirleggjandi.

1.3 Söluaðili:

N1
Dalvegur 10-14
201 Kópavogur
440 1000
Sími:
Netfang: n1@n1.is
Veffang: www.n1.is

Framleiðandi:

Rebain International (NL) B.V.
Vlierbaan 20 - 2908LR
Capelle a/d IJssel, Holland
00-31-10 45 08 722
netherlands@rebain.com
www.rebain.com

1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H272 Getur aukið bruna, oxari
H290 Getur verið ætandi fyrir málma
H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða

Eldmynd.vökvi 3
Málmætning 1
Húðætning 1A

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):



Hættumerki

Viðvörunarorð

HÆTTA

Hættusetningar

H272 Getur aukið bruna, oxari
H290 Getur verið ætandi fyrir málma
H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
EUH071 Ætandi fyrir öndunarfærin

Varnaðarsetningar

P102 Geymist þar sem börn ná ekki til
P220 Má ekki nota eða geyma í námunda við brennanleg efni.
P260 Andið ekki að ykkur ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.
P280 Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífur/andlitshlífur.
P303+P361+P353 BERIST EFNID Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu.
P304+P340 EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og látið hann hvílast í stellingu sem léttir öndun.
P305+P351+P338 BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P234 Má aðeins geyma í upprunalegum umbúðum.

2.3 Aðrar hættur:

Eðlisfræðilegar

Mörg efnahvörf vörunnar geta leitt til sprengingar.

Heilsufarslegar

Innöndun getur valdið lungnabólgu eða lungnabjúg. Einkenni lungnabjúgs koma að mestu fram eftir nokkrar klukkustundir, einkenni aukast við áreynslu.

Umhverfislegar

Losun í vatn eða jarðveg lækkar mjög sýrustig (pH).

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.

(PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:

Saltþéturssýra			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119487297-23	Innihald %	65 - < 70
Raðnúmer	007-004-00-1	Varnaðarmerki:	C, O
EINECS, ELINECS	231-714-2	H-setningar	H8, H35
CAS	7697-37-2	Flokkun, hættumerking	Oxandi, Ætandi
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldmynd.vökvi 3 - H272, Málmæt.1 - H290, Húðæt. 1A - H314			

3.2 Blöndur:

Á ekki við

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

Almennt

Leitið lækni í öllum tilvikum. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

Innöndun

Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Farið strax á slysamóttöku. Veitið öndunaraðstoð ef nauðsyn krefur.

Snerting við húð

Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni a.m.k. 20°C heitu (sturta). Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, að undanteknum fatnaði sem er fastur við húð, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Hafið strax samband við lækni.

Snerting við augu

Skolið varlega með miklu vatni í a.m.k. 15 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur eftir skamma skolon. Farið strax á slysamóttöku og skolið áfram á leið þangað.

Inntaka

Hreinsið munn með vatni en ekki ætti að drekka neitt. Farið strax á slysamóttöku. Framkallið ekki uppköst.

Hjálparlið ætti ætíð að gæta að eigin öryggi gagnvart váhrifum af völdum hættulegra efna. Notið persónuhlífar og hreinsið húð vandlega með sápu og vatni eftir snertingu við slík efni.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lið 11.

4.3 Upplýsingar um tafarlausu læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Séu heilbrigðisstarfsmenn í vafa, ætti að hafa samband við Eitrunarmiðstöð LSH.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, sandur, vatnsúði.

Óhentugur slökkvibúnaður: -

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast eitraðar gufur (nitroxíð - NOx).

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið, hlutleysið með basa, og fargið skv. 13. lið. Notið vatnsúða til að kæla nærliggjandi búnað.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysin

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð, augu og fatnað. Fjarlægið alla eld- og neistagjafa. Vísið óviðkomandi brott af svæðinu.

Notið viðeigandi persónuhlífar, sjá lið 8.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu sé það unnt áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Upplýsið Umhverfisstofnun um mengunarslysi.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið hlutlaust ísogsefni eða mokið upp. Setjið í þar til gerð tæringarvarin ílát og fargið sbr. 13.lið. Hlutleysið mengaðar vatnslausnir með basalausn. Skolið mengaði svæði að lokum með miklu vatni.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu og úða og snertingu við húð eða fatnað. Forðist snertingu við vöruna, hitun, slettur og gufumyndun. Fjarlægjið alla eld- og neistagjafa. Reykið ekki. Forðist rykmyndun. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Tæmdar umbúðir geta inni haldið efnaleifar. Notið viðeigandi persónuhlífar. Varmamyndun við uppleysingu í vatni.

Gætið þess ávallt að þynna sýruna út í vatn, en ekki öfugt.

Við uppleysingu og þynningu getur orðið mikil varmalosun, með úðamyndun.

Augnskol og sturtur ættu að vera til staðar þar sem unnið er með vöruna.

Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Mælt er með notkun lekavarnabakka undir umbúðum. Hindrið aðgang óviðkomandi. Geymið fjarri: Brennanlegum efnum, afoxurum og bösum. Hentug umbúðaefni: Gerviefni. Óhentug umbúðaefni: Málmar.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Engar upplýsingar eru fyrirhagjandi.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	Athugasemdir
Saltpéturssýra	0,5	1,3	1	2,6	

Saltpéturssýra					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Skammtíma, staðbundið	DNEL	2,6	mg/m ³
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma, staðbundið	DNEL	1,3	mg/m ³

DNEL (Derived no effect level).

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Húð - hendur

Húð - annað

Öndunarfæri

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hlífðarvörn (EN 166), eða andlitshlíf.

Notið efnahelda hanska úr bútýlgúmíi eða PVC (EN 374).

Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 13034).

Notið CE merktan öndunarbúnað. Síugerð BE/P2.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Megn
Litur:	Litlaus eða gulur
pH:	<1
Bræðslumark:	-41°C
Suðumark:	122°C
Gufuþrýstingur (20°C):	9,4 hPa
Eðliamassi gufu (loft=1):	2,2
Eðlismassi við 20°C:	1,40 g/cm ³
Vatnsleysni:	Blandast í öllum hlutföllum
Dreifistuðull oktanól/vatn:	-2,3 (logP)
Oxandi eiginleikar:	Oxandi

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Sjá liði hér að neðan.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Varan er ekki brennanleg, en ýtir undir bruna annarra efna. Snerting við málma getur losað eldfimt vetnisgas.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Brennanleg efni, afoxarar, basar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast eitraðar gufur (nituroxíð - NO_x).

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturrhif, innöndun	Mikill sviði í öndunarvegi. Innöndun getur valdið lungnabjúg eða -bólgu, og jafnvel reynst banvæn. Einkenni eru: Táramyndun, sviði í koki, hósti, svimi, andnauð, meðvitundarleysi. LC ₅₀ (rotta, innöndun 48 klst): 7 mg/l.
Bráð eiturrhif, húð	Veldur miklum sviða í húð. Einkenni eru m.a: Roði, blöðrumyndun, æting, brunasár.
Bráð eiturrhif, augu	Veldur miklum sviða og ætingu í augum. Einkenni eru m.a: Roði, verkir, sjóntruflanir, alvarlegur augnskaði.
Bráð eiturrhif, inntaka	Veldur sviða í munn, koki og meltingarvegi. Einkenni eru ógleði, uppköst, niðurgangur, þróttleysi, skjálfti. LD ₅₀ (fólk, inntaka): >400 mg/kg
Næming, húð/öndunarfæri	Veldur ekki næmingu.
Krabbamein	Ekki skráð sem slíkt.
Stökkbreytingar	Ekki skráð sem slíkt.
Eitrun æxlunarfæra	Ekki skráð sem slíkt.
Langvinn eiturrhif	Getur valdið skertri starfsemi lungna og sýkingum í öndunarvegi.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturrhif:

Saltpéturssýra	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhif	LC ₅₀	>70 mg/l	96 klst	Fiskar	
Þrávirkni og niðurbrot		Ólífrænt efnasamband			
Uppsöfnun í lífverum		Á ekki við			
Dreifanleiki í jarðvegi		Laysist vel í vatni			
PBT/vPvB		Á ekki við			

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.
Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:
06 01 05 (saltpéturssýra og saltpéturssýrlingur)

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:


UN Númer 2031
Efnisheiti v. flutninga: NITRIC ACID, 8 (5.1), II, (E)
Hættuflokkur: 8+5.1
Pökkunarflokkur: II
Hættuundirflokkur: 5.1
Mengunarhætta: Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi

Varúðarmerking



IMDG:

UN Númer 2031
Efnisheiti v. flutninga: NITRIC ACID, 8 (5.1), II
Hættuflokkur: 8 + 5.1
EmS: F-A, S-B
Pökkunarflokkur: II
Mengunarhætta: Á ekki við



IATA:

UN Númer 2031
Efnisheiti v. flutninga: NITRIC ACID, 8 (5.1), II
Hættuflokkur: 8 + 5.1
Pökkunarflokkur: II
Flutningsflokkun: 813
Farangursflokkun: Ekki leyft í farangri



15. Upplýsingar varðandi regluverk

13.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

13.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H272 Getur aukið bruna, oxari
H290 Getur verið ætandi fyrir málma
H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða

Útgáfa/Dags: 2 / 20.10.2016

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

BRENTAG N.V.
Material safety data sheet
NITRIC ACID 65<70%

Útgáfa: 29.6.2011 *Endurskoðun 3*

Kemur í stað útgáfu: 21.10.2009